


Fjallabyggð



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2012
65 – VEITUSTOFNUN

Fjárhagsáætlun 2012

Inngangur

Hér á eftir fer tillaga að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir veitustofnun Fjallabyggðar.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir hækkun framlags eignasjóðs um 6.966.000 frá úthlutuðum ramma eða úr 23.733.000 í 30.699.000.

Útgjaldarammi

Bæjarráð ákvað í upphafi fjárhagsáætlunargerðar, ramma fyrir málaflokka í samræmi við tillögu bæjarstjóra en megin forsenda bæjarráðs er að ganga ekki á eigið fé bæjarfélagsins. Rekstrarniðurstaða fyrir veitustofnun var sett 23.733.000 en er samkvæmt tillögu 30.699.000. Þessi niðurstaða kostar bæjarsjóð 6.966.000 meira í útgjöld en lagt var upp með.

Skýring á auknum útgjöldum veitustofnunar er að finna í næsta lið.

Tekjur

Gert er ráð fyrir að tekjur veitustofnunar lækki um 5.460.000 milli ára. Lækkunin er vegna sölu véla og tækja sem skiluðu veitustofnun tekjur upp á 7.599.000 árið 2011. Ekki hefur verið tekið tillit til minni tekna veitustofnunar við gerð fjárhagsramma fyrir málaflokkinn.

Framkvæmdir

Rammi sem settur var fyrir framkvæmdir 2012 er 295.000.000 og þar af fara 16.000.000 í framkvæmdir á vegum veitustofnunar og skiptist fjárhæðin á veitur samkvæmt eftirfarandi:

	2012	2013	2014	2015
Vatnsveita Siglufirði	5.000.000	5.000.000	6.000.000	6.000.000
Vatnsveita Ólafsfirði	4.000.000	4.000.000	5.000.000	5.000.000
Fráveita Siglufirði	4.000.000	4.000.000	5.000.000	5.000.000
Fráveita Ólafsfirði	3.000.000	3.000.000	4.000.000	4.000.000
Samtals	<u>16.000.000</u>	<u>16.000.000</u>	<u>20.000.000</u>	<u>20.000.000</u>

Fjárhagsáætlun 2012

Rammaúthlutun:		Áætlun
Aðrar tekjur	128.931.000	118.312.000
Launakostnaður	38.000.000	38.088.000
Annar rekstrarkostnaður	50.856.000	46.052.000
Afskriftir	19.516.000	19.436.000
Gjöld samtals	108.372.000	103.576.000
Fjármagnsliðir	44.531.000	45.435.000
Rekstrarniðurstaða gjöld umfram tekjur	23.733.000	30.699.000

Deildarstjóri tæknideildar